

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi
04 521

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

kt. 710812-0120

Skúlagötu 4, 150 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 07 og málaflokk 02 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.442,2 milljónir og afkoma kr. 186,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 186,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 1.495,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ingvi Már Pálsson,
forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.442.200.000	2.811.400.000
Tekjur samtals		2.442.200.000	2.811.400.000
Gjöld			
Framlög og tilfærslur	3	2.247.738.381	2.431.025.500
Annar rekstrarkostnaður	4	8.397.474	1.445.285
Gjöld samtals		2.256.135.855	2.432.470.785
Afkoma fyrir fjármagnsliði		186.064.145	378.929.215
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(12.369)	(3.240)
		(12.369)	(3.240)
Afkoma ársins		186.051.776	378.925.975
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	90.157	(1.448.525)
Rekstrartilfærslur		185.961.619	380.374.500
		186.051.776	378.925.975

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	5	1.495.091.787	461.784.047
Veltufjármunir samtals		<u>1.495.091.787</u>	<u>461.784.047</u>
Eignir samtals		<u>1.495.091.787</u>	<u>461.784.047</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	6	186.051.776	378.925.975
Eigið fé samtals		<u>186.051.776</u>	<u>378.925.975</u>
 Skuldir			
Viðskiptaskuldir		0	1.195.285
Ýmsar skammtímaskuldir		1.309.040.011	81.662.787
Skuldir samtals		<u>1.309.040.011</u>	<u>82.858.072</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.495.091.787</u>	<u>461.784.047</u>
 Aðrar upplýsingar			
	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		186.051.776	378.925.975
		186.051.776	378.925.975
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(1.412.233.715)	(457.823.007)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		1.226.181.939	78.897.032
		(186.051.776)	(378.925.975)
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsægjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsægjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	2.442.200.000	2.811.400.000
	<u>2.442.200.000</u>	<u>2.811.400.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	0	953.200.000	0	953.200.000
Fjáraukalög	8.500.000	1.491.500.000	0	1.500.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	(11.000.000)	0	(11.000.000)
Fjárveiting til tekna	8.500.000	2.433.700.000	0	2.442.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(8.409.843)	(2.247.738.381)	0	(2.256.148.224)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	90.157	185.961.619	0	186.051.776

2021 2020

3 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	19.500.000	22.700.000
Rekstrartilfærslur aðrir	2.228.238.381	2.408.325.500
	<u>2.247.738.381</u>	<u>2.431.025.500</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

Sérfræðiþjónusta	8.397.474	1.445.285
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	8.397.474	1.445.285
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>8.397.474</u>	<u>1.445.285</u>

5 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	1.495.091.787	461.784.047
	<u>1.495.091.787</u>	<u>461.784.047</u>

6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	378.925.975	(1.145.637)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(378.925.975)	1.145.637
Afkoma ársins	186.051.776	378.925.975
Jöfnuður 31.12.	<u>186.051.776</u>	<u>378.925.975</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Gerðir hafa verið tveir skuldbindandi samningar hjá fjárlagaliðnum annars vegar um þjónustu Kvikmyndamiðstöðar Íslands vegna endurgreiðslukerfis kvikmynda á grundvelli laga nr. 43/1999 og hins vegar um Film in Iceland (kynningu á endurgreiðslukerfis kvikmynda á grundvelli laga nr. 43/1999). Áætluð heildargreiðsla á árinu 2022 er 45 millj.kr.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.